

91. sambandsþing UMSB. Haldið í Þinghamri, 9.mars 2013.

Fundarsetning

Sigurður Guðmundsson formaður UMSB setti fundinn.

Sigurður stingur upp á Pálma Ingólfsson og Flemming Jessen sem fundarstjórum á þinginu. Samþykkt með lófataki.

Pálmi þakkar traustið og hóf þingstörf

Kosning þingritara

Tilnefndir eru Ása Erlingsdóttir og Hólmi Friður Ásmundsdóttir, samþykkt með lófataki.

Dagskrá þings:

Fundarsetning

Kosning þingforseta og ritara
Kosning kjörbréfanefndar
Skýrsla stjórnar og reikningar
Álit kjörbréfanefndar
Kosning starfsnefnda þingsins
Inntaka nýrra aðildafélaga
Umræður og atkvæðagreiðsla um skýrslu stjórnar og reikninga
Ávörp gesta
Lagðar fram tillögur og lagabreytingar þ.m.t fjárhagsáætlun og árgjald félaga
Þinghlé – nefndir starfa
Tillögur starfsnefnda þingsins til umræðu og atkvæðagreiðslu
Kosning stjórnar
Kosning á íþróttaping ÍSÍ
Önnur mál
Þinggerð - þingslit

Fundarstjóri leggur til breytingu á dagskrá og býður Ólaf Rafnsson forseta ÍSÍ í pontu: Ávarpar fundinn með kveðjum frá Ólympíu og íþróttasambandi Íslands. Hrósaði röggsemi fundastjóra og UMSB. Nefndi að UMSB dafnaði vel og fjárhagsstaðan hefði batnað. Ræddi um lottótekjurnar sérstaklega í tengslum við fjármálahrunið. Hann hefur hvatt til þess undanfarin ár að félögin í héraði skapi sér sérstöðu í íþróttahreyfingunni og finnst það í góðu horfi hér í UMSB. Hann hvetur fólk til að nýta lýðræðisleg vinnubrögð og taka til máls, það skipti máli til að farið sé eftir leikreglunum og allir séu sammála um niðurstöðu og standi saman um hana.

Dagskrárliðnum var flýtt til að heiðra einn úr ranni UMSB, þar sem hann var tímabundinn vegna íþróttastarfa. Ingimundur Ingimundarson var heiðraður með gullmerki ÍSÍ fyrir störf í þágu íþróttá á ýmsum sviðum. Hann hefur verið þjálfari í sundi, frjálsum og Boccia, forstöðumaður íþróttamiðstöðvar, framkvæmdastjóri UMSB og Landsmóts UMFÍ 2001, stjórnarmaður í UMFÍ og margt margt fleira.

Eftir það óskaði Ólafur þingfulltrúum velfarnaðar.

Fundarstjóri óskar eftir kjörbréfum.

Kosning kjörbréfanefndar, tilnefndir:

Einar Óli Pedersen,

Þórdís Þórisdóttir

Hilmar Arason

Samþykkt.

Skýrsla Stjórnar og reikningar

Sigurður Guðmundsson formaður UMSB fer með skýrslu stjórnar. Fer yfir öflugt starf félagsins. Í febrúar var íþróttahátíð og bæði keppt í sundi og frjálsum. Kjörinn íþróttamaður ársins Bjarki Pétursson golfari. 24 fulltrúar sátu sambandþing í mars. Tvö félög sóttu um aðild að UMSB, Ungmennafélagið Björn Hítðælakappi endurnýjun og Skotfélag Borgarfjarðar. Afmælishátíð var haldin, mikil veisla, danssýning, peningagjafir og Íris Grönfeldt rifjaði upp gamla takta. Ákveðið var að efla skákstarf. Fengu gefins plöntur og þær voru gróðursettar í samstarfi við 9.bekk í Grunnskóla Borgarness við íþróttasvæðið í Borgarnesi. SamVest hópurinn er samstarf allra sambanda á svæðinu og er búið að halda fleiri en eitt mót. Einnig hefur verið staðið fyrir sameiginlegum æfingum. Sagði frá þátttöku barna á unglíngalandsmóti á Selfossi og gladdist yfir góðum árangri. Ræddi sameiginlega stefnumótum með Borgarbyggð og að sá samningur yrði lagður fyrir þetta þing.

Ársreikningur Sbr. fylgiskjal

Stjórn tók til í reikningunum og strikaði yfir skuldir sem ekki virtust eiga sér stoð og seldi hluta af skrifstofuhúsnæði sem gerir U.M.S.B kleift að greiða langtímaskuldir niður um 2 millj.

Seldur hluti af skrifstofuhúsnæðinu sem gerir sambandinu kleift að leggja tvær milljónir inn á langtímaskuldarnar.

Skuld við afreksmannasjóð stendur þó enn upp á rúmar tvær milljónir.

Fundarstjórar gefa orðið laust til umræðu um skýrslu stjórnar og reikninga.

Álit Kjörbréfanefndar

Einar Óli. Farið yfir kjörbréf. bárust 12 kjörbréf af 15.

Dansíþróttafélag Borgarfjarðar: Guðrún Þórðardóttir og Daði(r) Freyr Guðjónsson

Golfklúbbur Borgarness: Ingvi Árnason, Björgvin Ó. Bjarnason.

Golfklúbburinn Glanni: Kolbeinn Pálsson

Hestamannafélagið Skuggi: Stefán Logi Haraldsson, Arnar Már Gíslason og Bjarni Johansen.

Ungmennafélagið Dagrenning: Hrönn Jónsdóttir

Ungmf. Egill Skallagrímsson: Einar Ole Pedersen.

Umf. Reykdæla: Hanna Sjöfn Guðmundsdóttir

Umf. Skallagrímur: Kristinn Ó. Sigmundsson, Hilmar Arason, Inga Dóra Halldórsdóttir, Guðríður Ebba Pálsdóttir, Rögnvaldur Þorkelsson, Jón Ásgeir Sigurvinsson, B. Bjarki Þorsteinsson, Kristmar Ólafsson, Aðalsteinn Símonarson, Hrafnhildur Tryggvadóttir, Jóhanna María Björnsdóttir, Sveinbjörg Stefánsdóttir, Gunnlaug S. Gunnlaugsdóttir og Sigurður Guðmundsson.

Umf. Stafholtstungna: Agnes Guðmundsdóttir, Andrea Davíðsdóttir og Ásgeir Ásgeirsson (Brynjólfur Guðmundsson gestur.)

Umf. Íslendingur: Helgi Björn Ólafsson, Aðalheiður Kristjánsdóttir og Guðmundur Sigurðsson. (Rósa Marinósdóttir gestur)

Ungm- og íþróttafélag Hvalfjarðar: Þórdís Þórisdóttir

Umf. Björn Hítðælakappi: Jón Guðlaugur Guðbrandsson

Réttur var fyrir 38 fulltrúa en það vantar fimm - s.s. 33 atkvæði í húsi. –vantaði fulltrúa frá Hmf. Faxe, Skotfélagi Vesturlands og Gkl. Skriflu.

Fundastjórar báru undir fundinn hvort að kjörbréfanefnd væri samþykkt. Samþykkt.

Umræður og atkvæðagreiðsla um skýrslu stjórnar og reikninga

Skýrsla stjórnar - Guðmundur Sigurðsson þakkaði fyrir skýrsluna og einnig fyrir góð störf stjórnar. Hann sat í afmælisnefnd og þótti skemmtilegt, jafnframt þakkaði hann fyrir ánægjulega kvöldstund og þeim sem lögðu hönd á plóg. Hann lítur björtum augum á það sem liggur fyrir þinginu og nefndi að afreksmannasjóður var stundum nýttur til annars en samt alltaf haldið inni í bókhaldi og fjármunir eyrnamerkir sjóðnum. Einar Óli Pedersen – Nefndi afreksmannasjóð og að kannske væri betra að

leysa hann upp og nýta fjármunina til að létta undir með U.M.S.B. Talaði um að flott væri að Ingimundur fengi gullmerkið –nefndi að það hefði tekið tíu ár að koma því til hans.

Skýrsla og Reikningar: samþykktir með öllum greiddum atkvæðum.

Inntaka nýrra aðildarféлага

Hrönn Jónsdóttir framkvæmdarstjóri UMSB skýrði frá því að tvö félög sótt um inngöngu: Golfklúbbur Húsafells og Frjálsíþróttafélag Borgarfjarðar. Félögin samþykkt inn í sambandið með lófaklappi en samþykkt með þeim fyrirvara að ÍSÍ og UMFÍ samþykki lög þeirra. Fundarstjóri setur ofan í við formann fyrir að fara ekki að fundarsköpum.

Ávörp gesta

Framkvæmdastjóri UMFÍ. Sæmundur Runólfsson

Ávarpar þingið og óskar UMSB til hamingju með starfið og flytur góðar kveðjur frá UMFÍ. Hann minnti á mikilvægi þeirra sem vinna vinnuna í héraði og að sjálfbóðaliðar skipti öllu máli. Hann sagði frá því fjármagni sem hreyfingin fær frá ríkinu, ekki til að gera lítið úr framlaginu heldur til að sýna fram á hversu mikilvægt sjálfbóðaliðastarfið er sem starf UMFÍ er byggt á. Minntist einnig á landsmót UMFÍ 50+, landsmótið og Unglingalandsmótið á árinu. Hvetur félögin til að vera í sambandi við UMFÍ, nefndi sjóði að sækja í og námskeið sem í boði eru.

Samstarfssamningur og stefnumótun UMSB

Aðalsteinn Símonarson kynnir stefnumótun UMSB.

Skipuð var framtíðarnefnd sem síðan vann með UMFÍ, ÍSÍ, sveitarfélaginu og almennum félögum að stefnumótun sambandsins. Einnig haldnir stórir fundir til að finna leiðir og hver markmið þátttakenda í starfi sambandsins eru. **(sjá fylgiskjal 1)**

Aðalsteinn þakkar fyrir samstarfið í nefndinni sem formaður framtíðarnefndarinnar. Hann tekur fram að það er stjórnin sem leggur fram þessar tillögur til umræðu á þinginu.

Sigurður Guðmundsson tekur við keflinu og talaði um hvernig á að framfylgja stefnunni sem framtíðanefndin setti fram. Samstarfssamningurinn er milli UMSB og Borgarbyggðar. Þrískiptur samningur - umgjörð og tilgangur, verkefni og stuðningur.

Viðaukar við samninginn verða lagðir fram í nefndum ef samningurinn verður samþykktur. Hann fer ekki sjálfur í nefndir, einungis ræddur hér á eftir og borinn undir atkvæði. Hann hvetur þinggesti til að ræða samninginn, hugsa til hans á jákvæðum nótum og samþykkja hann svo.

Umræður um samninginn.

Stefán Logi Haraldsson- formaður hestamannafélagsins Skugga

Hann óskar stjórn til hamingju með vinnuna við samstarfssamninginn og þakkar þá vinnu.

Hann telur plaggið gott en gerir athugasemd við að samningurinn eigi ekki að fara til nefndar.

Fulltrúar Skugga hafa verið með í undirbúningsvinnunni og líka gert athugasemdir við samningsdrögin með Faxe og Golfklúbbum í Borgarnesi. Honum þykir ekki góð vinnubrögð að Borgarbyggð hafi samþykkt samninginn áður en U.M.S.B. hafi tekið málið fyrir og samþykkt. Hann telur hestamenn og golfara ekki eiga samleið með U.M.S.B. vegna reksturs mikilla eigna og fjárfestinga sem búið er að leggja mikla sjálfbóðavinnu og peninga í. Hann bendir á að Skuggi eigi húsnaði sem er ekki mikið notað og væri e.t.v. hægt að nýta fyrir framkvæmdastjóra og að eins sé einungis talað um íþróttamannvirki á vegum Borgarbyggðar.

Hann vill fagna því sem vel er gert en benda á það sem ekki gengur upp og þykir verra ef allt á að fara í gegnum U.M.S.B. og er ekki til í að samþykkja meingallaðan samstarfssamninginn. Stefán gerir líka alvarlega athugasemd við viðaukasamning 2 c um íþróttamann Borgarfjarðar og telur fráleitt að hafa aldurstakmark 14 ár það sé alltof hátt og þekkist ekki annarstaðar í héraði.

Hinsvegar er hann mjög hlynntur stefnumótuninni.

Ingvi Árnason Golfklúbbi Borgarness tekur til máls.

Telur samninginn gangur aðeins lengra - s.s. um verkefni sveitarfélagsins um byggingu íþróttamannvirkja. Þar voru áður bein samskipti á milli félaganna og sveitastjórnar. Taldi golfklúbbana vera í vistaböndum hjá UMSB, þar sem golfsambandið fjallar mest um þeirra mál. Þeir hafa verið í samvinnu við Borgarbyggð, fengið styrki en þeir bera ábyrgð á mannvirkinu og rekstri þess. Skilur þörfina fyrir samningnum en hefði viljað fá undanþágu fyrir þau félög sem eru með rekstur á mannvirkjum. Félagið kemur ekki til með að styðja samninginn óbreyttan. Ætla að segja nei og setja fram bókun ef honum verður ekki breytt.

Einar Óli Pedersen, Ungmennafélaginu Egill Skallagrímsson. Tekur undir margt sem Stefán Logi sagði. Telur stílbrot að taka samninginn til atkvæðagreiðslu án umræðu í nefndum. Talaði um fleiri félög sem eiga eigin aðstöðu og reka hana. Sáttur við stefnumótunarvinnuna. Finnst vanta í fjárhagsáætlun T.d. eign í félagsheimilinu Þinghamri og íþróttavelli á Varmalandi. Telur rangt að afgreiða samninginn í ósamkomulagi, en það er auðvitað gott fyrir sveitafélagið. Verðum að hugsa um hagsmuni UMSB og félaganna. Grasrótin er ungmennafélögin sem hafa þá alltaf áhrif áfram út í samböndin og yfirstjórn UMFÍ.

Kolbeinn Pálsson Golfklúbbum Glanna, tekur til máls. Hefur komið víða við í íþróttahreyfingunni. Talar um íþróttamanskjörið og vill alls ekki að börn verði gerð að stjórnun á unga aldri. Leyfið börnunum að vera börnum! Talar um mismuninn á golfstarfsemi og íþróttahreyfingunni þar eru mismunandi hópar sem stunda hvort fyrir sig - með mismunandi getu til að greiða gjöld. Hann ræddi samstöðu þeirra sem koma að þessum samningi og að við værum vel sett að hafa sveitarfélagið með okkur í uppbyggingu íþróttamála fram í tímann en ekki láta sveitarfélagið vaða yfir sig, ef það fæst ekki samþykki þá verður bara að stofna stjórnmalaflokk og taka yfir. Tekur fram aftur að við verðum að vera tilbúin að hafa mun milli þess sem er að mestu uppeldisgreinar í íþróttum og sport eldra fólks. Hann hvatti hreyfinguna til að vera stekt afl sem stendur saman og vinnur úr vandamálum sínum innan sinna raða.

Kristmar Ólafsson, Ungmennafélaginu Skallagrími tekur til máls.

Hann vann í stefnumótunarnefndinni og samningsnefndinni en talar sem fulltrúi félags síns: Í sambandi við kjör íþróttamanns þá er hann sammála Kolbeini, um að engu barni er hollt að fá viðurkenningar svona snemma. Hver var þörfin fyrir þessari vinnu? Farið í að móta stefnu og samning af því að vantaði innspýtingu í íþróttalífið í sveitarfélagið, bæði í dreifbýli og þéttbýli, vilja bæta það sem var að fjara út. Eflaust má gera betur, en það var ansi mikið gert til að fá þátttöku, öllum gefinn kostur á að taka þátt, og af 23 félögum og deildum innan UMSB komu fulltrúar frá öllum að vinnunni við samning og stefnu. Afraksturinn er samningur byggður á þeirri vinnu og ætti því ekkert að koma á óvart. Líklega eini staðurinn á landinu þar sem farið hefur verið í svona vinnu. Önnur sambönd og sveitafélög hafa verið að horfa á hvernig þetta hefur verið unnið hér. Telur þetta ekki verða meiri miðstýringu heldur ætti að þjappa sambandsaðilum saman. Verið að leggja til nýtt verklag og það er í

eðlinu að leggjast gegn breytingum. Talaði um að félögin hafi betri bakhjarl með sambandið á bak við sig þegar sækja á eitthvað til sveitarfélagsins. Gefum íþróttahreyfingunni tækifæri til að vaxa og dafna. Þetta er samvinna en ekki miðstýring. Spurning um að sjá heildina.

Agnes Guðmundsdóttir fer í pontu býður alla velkomna, súpan af svæðinu og brauðið frá Geirabakarí,

Þinghlé

Fundarstjóri kallaði kokkana fram þær Kristínu Kristjánsdóttur og Sæunni Elfu Sverrisdóttur og þakkaði þeim fyrir matinn.

Aðalsteinn Simonarson Ungmennafélaginu Skallagrími, tekur til máls um samninginn. Þakkaði fyrir boð um skrifstofuhúsnæði og góð orð um stefnumótunina. „Við í ungmennafélagshreyfingunni erum ein heild, og mikilvægt að við komum fram sem heild“. Farið eftir lögum og reglum bæði sem gilda að ofan og einnig þær sem við setjum okkur sjálfa. Klárlega hafa félögin mismikinn akk af þessum samning. Bendir á að í grein 4b í lögum sambandsins standi að það eigi að vera samvinna og samstaða um íþróttastörf í héraði. Hvetur til að mynduð verði samstaða til að vinna að þessum málum. Nefndi fyrri orð um að sveitarfélaginu finnist þetta þægilegt, þ.e. að losna við málaflokkinn til UMSB, honum finnst þetta ekki vera viðhorf sveitarfélagsins. Það vill fá góð og skýr skilaboð en ekki misvísandi um hvað þarf að gera í íþróttamálum í héraðinu.

Guðmundur Sigurðsson, Ungmennafélaginu Íslendingi.

Talaði um að samningurinn væri mikill og góður en er ekki búinn að átta sig á gangrýninni frá hestamannafélögum og golfurum. Íþróttalög í landinu fjalla um það að svæðunum sé skipt í íþróttahéruð. Héraðssambönd bera ábyrgð á fjárhaldsmálum félaganna innan þess. Telur að samningurinn sé góður og hagstæður. Það eigi eftir að ná samning við önnur sveitarfélög sem eiga félög innan UMSB. Gagnrýnir að kjör Íþróttamanns ársins í Borgarbyggð nái aðeins til þeirra sem eiga lögheimili í Borgarbyggð en ekki lögheimli annarsstaðar á sambandssvæði UMSB, telur þetta mismunun gagnvart þeim sem búa í öðrum sveitafélögum. Leggur til að þessu verði breytt í lögheimili á aðildarsvæði UMSB og/ eða keppir fyrir aðildarfélögin. Ekki talað um íslenska ríkisborgara en því var breytt hjá UMSB þannig að erlendir ríkisborgarar þurfa að hafa lögheimili í amk. eitt ár á svæðinu. Aldursmörkin – áður en þeim var breytt í 14 ára voru stundum að koma inn 10 ára afreksmenn og telur að varast beri að setja þau á svo háan stall svo ung.

Stefán Logi, Hmf. Skugga:

Telur eðlilegt að fólk hafi mismunandi sýn og eru ekki hræddir við að það sé verið að taka þetta af þeim en telur ekki rétt að allt hafi verið unnið á þessum vinnufundum.

Honum finnst margt gott í samningunum, markmiðin og ásetningur sveitarfélagsins góður en veit ekki hvort að þetta er það besta sem hægt er að fá, en er ósáttur við að kröfur þeirra voru ekki teknar til greina nema að litlu leyti. Taldi upp það sem útaf bar miðað við þeirra kröfur. Er ánægður með hvernig sveitarfélagið hefur staðið að stuðningi við íþróttafélög í sveitarfélaginu.

Ingvi Árnason Golfklúbbi Borgarness.

Hann hnykkir á því sem fram hefur komið og telur ábyrgð U.M.S.B. á aðildarfélögunum ekki virka, hvert og eitt félag ber ábyrgð á sínu, sveitarfélagið hjálpi til ef þarf og minnti á fjárhagslega ábyrgð hvers og eins félags.

Hvað varði skiptingu styrkja milli félaga í samningnum, þá á það ekki við um þá ákvæði um frekari uppbyggingu mannvirkja. Sveitarfélagið láti ekki frá sér þann ákvörðunarrétt og óþarfi að láta sem UMSB hafi eitthvað um það að segja. Fullyrðingin um að allt fari í gegnum þjónustumiðstöð,

sérákvæðin sem Stefán Logi benti á, geti vel farið inn í samninginn, segir bara skýrar það sem á að gera og breytir ekki samningnum í heild.

Kolbeinn Pálsson Golfklúbbum Glanna

Talaði um samninginn til framtíðar. t.d. er enginn í stjórn Reykjavíkur sem hefur áhuga á íþróttum. Þess vegna skiptir máli þegar talað er um gott samstarf, sem hefur verið, við vitum ekki hvað framtíðin ber í skauti sér og þess vegna þarf samningurinn að vera skýr.

Björn Bjarki Þorsteinsson Umf. Skallagrími

Honum finnst umræðan gagnleg og gefi hljóðið fyrir gildin sem unnið verður eftir í kjölfarið. Hann vill tala um hlutina hér og vera síðan samstíga þegar út er komið. Hann lendi stundum beggja vegna borðs vegna starfa sem bæjarfulltrúi. en telur mikið framfaraskref að þessi samningur líti dagsins ljós, hins vegar eru endurskoðunarákvæði í samningnum og þau þarf eflaust að nýta. Mjög góð umræða og í samræmi við gildin.

Sigurður Guðmundsson sambandsstjóri

Ákvæði um rekstrarlegt eftirlit er ekki útaf vantrausti á félög, heldur vegna nýrra manna þegar breytingar verða. Stundum kemur fyrir að menn eru ekki starfi sínu vaxnir t.d. innan U.M.S.B. er nýlegt dæmi þar sem eftirlit brást, peningar voru notaðir í eigin þágu og það hefði hjálpað ef skil á fjárhagsskýrslum væri regla. Þá hefði verið hægt að taka á því strax og koma til hjálpar þeirri stjórn sem stóð frammi fyrir því. Fyrsta vísbending er ef skýrslur skila sér ekki. Hann ræddi athugasemdir Stefáns Loga og að það væri ekkert óeðlilegt að þær fengjust ekki samþykktar. Tekur undir að það megi laga grein 6.2 þannig að tekið sé fram að átt sé við íþróttamannvirkin við Skallagrímsvöll þar sem mörg félög eiga eignir sem eru undanskildar. **Félögin geta með samningnum haft áhrif á forgangsstöðun við uppbyggingu mannvirkja en telur ekki galla að þurfa að fara með það fyrir UMSB.** Fundarstjóri lagði til að samningurinn færi fyrir nefnd og bar það undir atkvæði.

Samþykkt með afgerandi meirihluta atkvæða. Umræðum því lokið um þennan lið.

Samningurinn fer í nefnd en ekki stefnumótunin.

Stefnumótun borin upp til samþykktar. *Samþykkt samhljóða.*

Bornar fram tillögur og lagabreytingar

Tillögur að nefndarmönnum.

Allsherjarnefnd - Kolbeinn Pálsson formaður

Fjárhagsnefnd - Agnes Guðmundsdóttir formaður

Íþróttanefnd - Þórdís Þórisdóttir formaður

Laganefnd - Björn Bjarki Þorsteinsson formaður

(Tillaga um lagabreytingu - Sigurður Guðmundsson.)

Fundarstjóri fer yfir tillögur og vísaði þeim til nefnda.

Sæmundur Runólfsson U.M.F.Í.

þakkar fyrir þingið og reiknar með að fara um leið og nefndarstörf hefjast.

Talaði um að vera með gamanmál þannig að munað verði eftir honum. Talar um samninginn sem tímamót í samskiptum sambanda og sveitafélaga.

Pálmi fundarstjóri reytir af sér reynslusögur.

Tillaga frá Guðmundi Sigurðssyni.

Á þinginu í fyrra 90. þing var skipuð nefnd sem var ætlað að skoða kostnað í sambandi við afmælið, útgáfa á sögu sambandsins og átti að skila af sér ári síðar. Komu fram með þrjá kosti.

Hefðbundin bókaskrif - ráða rithöfund í það. hugsanlega 8-9milljónir útgáfan.

Taka það efni sem til er skannað inn og gera aðgengilegt á heimasíðu UMSB og þar yrði þá gott yfirlit til. Til viðbótar yrði þá söfnun á myndum - myndi kosta um 400-500þúsund en það ætti að fara eftir þeirri vinnu sem yrði lögð í myndir og fleira.

Skrifa yfirlitsgrein um áhrif á mannlíf og menningu héraðsins. Yrði birt á heimasíðu og Borgfirðingabók. Myndi kosta 200-400þ.

Gera stutta heimilda mynd um UMSB sem myndir nýtast betur sem kynning fyrir fleiri hópa en yrði þá um leið yfirgrípsminni en bók. Yrði kostnaður og töluverð vinna.

Ekki fékk hljómgrunn að gera ekki neitt.

Fjármögnun á verkefninu - sækja styrki í sjóði og til fyrirtækja ásamt sölu á bókinni eða afrakstrinum.

Skiptir miklu máli að fara af stað að safna myndum því fyrir því betra til að hægt verði að vinna þetta verkefni.

Fundarstjóri vísar þessu til fjárhagsnefndar.

Tekur fram breytingu á að tillaga númer 9 fer í íþróttanefnd en ekki í allsherjarnefnd.

Fjárhagsáætlun lögð fram

Fór inn í fjárhagsnefnd.

Nefndir starfa

Tillögur starfsnefnda til umræðu og atkvæðagreiðsla

Tillögur Allsherjarnefndar, kynntar af Kolbeini Pálssyni:

Tillaga 4

91. Sambandsþing Ungmennasambands Borgarfjarðar haldið í Þinghamri 9. mars 2013 samþykkir að skipa þriggja manna laganefnd UMSB sem hefur það hlutverk að yfirfara lög sambandsins og leggja þau fram yfirfarin á sambandsþingi 2014. Stjórn UMSB skipi í nefndina.

Samþykkt samhljóða

Tillaga 7

91. Sambandsþing Ungmennasambands Borgarfjarðar haldið í Þinghamri 9. Mars 2013 samþykkir samning á milli Ungmennasambands Borgarfjarðar og Sveitafélagsins Borgarbyggðar eins og hann liggur fyrir í þingskjali nr. 4 með áorðnum breytingum. *Samþykkt samhljóða*

Breytingar sem gerðar voru:

Grein 3. Samskipti UMSB og Borgarbyggðar

Öll samskipti milli aðildarfélaga UMSB og Borgarbyggðar um almenna íþrótt- og félagsstarfsemi skulu fara fram í gegnum þjónustumiðstöð UMSB. Í þessu felst að öll erindi frá aðildarfélögum og deildum þeirra til Borgarbyggðar skulu fara til þjónustumiðstöðvar UMSB til samráðs, úrvinnslu og ákvarðanatöku. Á sama hátt skal Borgarbyggð senda öll erindi til íþróttahreyfingarinnar til

þjónustumiðstöðvar UMSB. Berist Borgarbyggð erindi beint frá aðildarfélagi skal Borgarbyggð senda það til þjónustumiðstöðvar UMSB til ákvarðanatöku og umsagnar.

6.2. Skipting tíma í íþróttamannvirki

Mannvirkin sem um ræðir eru: Skallagrímsvöllur, Íþróttamiðstöðin í Borgarnesi, á Kleppjárnsreykjum og á Varmalandi. Sparkvellir í Borgarnesi, Hvanneyri og Bifröst.

6.7. Uppbygging, forgangsröðun.

UMSB skal í samstarfi við aðildarfélög sín móta og setja fram forgangsröð og áherslur íþróttahreyfingarinnar varðandi uppbyggingu og endurbætur, sem Borgarbyggð kemur að, á íþróttamannvirkjum í sveitarfélaginu. Forgangsröðunin skal vera í tvennu lagi þ.e. langtímauppbygging og uppbygging eða endurbætur til skamms tíma. Langtímauppbyggingin skal í það minnsta taka til næstu 10 ára en skammtíma uppbygging og endurbætur til næstu fjögurra ára. Í forgangsröðuninni skal koma fram í hvaða röð íþróttahreyfingin leggur áherslu á að uppbygging og endurbætur íþróttamannvirkjanna eigi sér stað og á hvað skuli leggja áherslu í hvert sinn. UMSB skal kynna sveitarstjórn forgangsröðun íþróttahreyfingarinnar fyrir 1. október ár hvert. Borgarbyggð mun kappkosta að fara eftir áherslum UMSB um uppbyggingu og endurbætur íþróttamannvirkja. Komi í veigarmiklum atriðum önnur forgangsröð fram í áætlunum sveitarfélagsins skal sveitarstjórn skýra UMSB frá þeirri ákvörðun og á hverju hún byggist.

Tillaga 8

91. Sambandsþing Ungmennasambands Borgarfjarðar haldið í Þinghamri 9. mars 2013 samþykkir reglur um starfsstyrki sbr. Viðauki 1 af samningum UMSB og BB Stjórn falið að klára frágang með tölum og dagsetningu. *Samþykkt*

Tillaga 14

91. Sambandsþing Ungmennasambands Borgarfjarðar, haldið í Þinghamri 9. mars 2013, þakkar styrktaraðilum fyrir veittan stuðning. *Samþykkt samhljóða*

Tillaga 15

91. Sambandsþing Ungmennasambands Borgarfjarðar haldið í Þinghamri 9. mars 2013 þakkar kærlega fyrir hlýjar kveðjur og gjafir sem sambandinu voru færðar á 100. ára afmæli þess. *Samþykkt samhljóða*

Tillaga 16

91. Sambandsþing Ungmennasambands Borgarfjarðar haldið í Þinghamri 9. Mars 2013 þakkar Borgarbyggð veittan stuðning á liðnu ári. *Samþykkt samhljóða*

Tillaga 20

91. Sambandsþing Ungmennasambands Borgarfjarðar haldið í Þinghamri 9. Mars 2013 samþykkir að fela fundarriturum að leiðrétta augljósar stafsetningarvillur í málsskjölum þingsins að þingi loknu. *Samþykkt samhljóða*

Tillögur Íþróttanefndar – Þórdís Þórisdóttir kynnr

13. Tillaga 91. Sambandsþing Ungmennasambands Borgarfjarðar haldið í Þinghamri 9. mars 2013 samþykkir að Ungmennasambandið sækir um að halda Landsmót UMFÍ 2017 og 2021, 19. Unglingalandsmót UMFÍ 2016 og 5. Landsmót 50+ árið 2015. *Samþykkt samhljóða*

10. Tillaga 91. Sambandsþing Ungmennasambands Borgarfjarðar haldið í Þinghamri 9. mars 2013 samþykkir vinnureglur um úthlutun tíma í íþróttamannvirki Borgarbyggðar skv. Fylgiskjali B. *Samþykkt samhljóða með áorðnum breytingum:*

Breytingar sem gerðar voru á fylgiskjali B:

Borgarbyggð skal fyrir 1. júní ár hver tilkynna UMSB hvað margir tímar verða til ráðstöfunar fyrir UMSB til úthlutunar til aðildarfélaga sinna. Tímum skal skipt niður á daga og tíma dags fyrir hvert mannvirki fyrir sig.

1. UMSB skal fyrir 1. júní kalla eftir umsóknum um tíma í mannvirkjum fyrir næsta vetur. Umsækjendur skulu í umsókn tilgreina heildartímafjölda, skiptingu tíma á daga og tíma dags og skiptingu tíma á aldursflokka.
2. Á grunni heildartímafjölda og óska um úthlutun, skal UMSB gera tillögu um skiptingu tíma í mannvirki í samræmi við úthlutunarreglur þessar. UMSB skal senda tillögurnar á aðildarfélögin í síðasta lagi 1. júlí og óska eftir athugasemdum við úthlutunina. Gefa skal aðildarfélögunum tvær vikur til að senda inn athugasemdir. Geri félögin ekki skriflegar athugasemdir skoðast það sem samþykki þeirra á úthlutuninni.
3. UMSB skal fyrir 1. ágúst ár hvert gefa út bráðabyrgðatöflu og senda á umsækjendur til umsagnar. Töflu skal síðan gefa út ekki seinna en 20. ágúst.
4. Tímatafla skal taka gildi 1. september ár hvert og gildir til 30. apríl.

91. Sambandsþing Ungmennasambands Borgarfjarðar haldið í Þinghamri 9. mars 2013 samþykkir reglugerð um íþróttamann ársins skv. Fylgiskjali C. *Samþykkt m. 1 mótatkvæði*

91. Sambandsþing Ungmennasambands Borgarfjarðar haldið í Þinghamri 9. mars 2013 samþykkir reglur um úthlutun starfsstyrkja skv. Fylgiskjali A. *Samþykkt samhljóða með áorðnum breytingum*

Fylgiskjal var samþykkt með eftirfarandi breytingum:

2. grein

Um starfsstyrki geta sótt félög og deildir þeirra sem sinna íþrótt- eða félagsstarfi innan UMSB eða hafa með höndum aðra sambærilega starfsemi. Megináhersna er á að styrkja starf með börnum og unglingum yngri en 16 ára og að starfsemin sé á forsendum uppeldislegra gilda og forvarna í víðum skilningi. Starfsemin þarf að fara undir leiðsögn hæfra starfsmanna, þannig að fagmennska sé viðhöfð við kennslu og þjálfun barna og unglinga.

Skilyrði er að félag hafi starfað í a.m.k. 2 ár og staðið skil á lögformlegum skyldum sínum t.d. haldið aðalfund, lagt fram ársskýrslu, ársreikninga o.s.frv.

Umsókn skal fylgja:

- a) samþykktir reikningar umsækjanda fyrir síðastliðið ár þar sem fram kemur skipting tekna og gjalda iðkenda yngri og eldri en 16 ára, þ.á.m. heildarlaunagreiðslur til þjálfara í barna og unglingastarfi.
- b) yfirlit yfir fjölda virkra iðkenda og aldursskiptingu þeirra. Virkur iðkandi er sá sem stundar félagsstarf hjá viðkomandi félagi og hefur greitt æfinga- eða þáttökugjald.
- c) yfirlit yfir fjölda skipulagðra æfinga og lengd þeirra
- d) yfirlit yfir menntun og reynslu leiðbeinenda, ásamt markmiðum með starfi þeirra
- e) fjárhagsáætlun fyrir líðandi ár
- f) áætlanir um umfang starfsins og helstu verkefni

3. grein

Heildar starfsstyrkur frá Borgarbyggð skiptist samkvæmt eftirfarandi hlutföllum og reglum.

- a) 5% - heildarupphæðar skiptist jafnt á milli þeirra sem úthlutað er til
- b) 30% - Samkvæmt fjölda barna 16 ára og yngri sem greiða þáttökugjald í hverju félagi
- c) 5% - samkvæmt fjölda iðkenda eldri en 16 ára sem greiða þáttökugjald í hverju félagi.
- d) 30% - samkvæmt heildar fjölda og lengd æfingatíma á ári
- e) 25% - skiptist samkvæmt launagreiðslum til þjálfara og leiðbeinenda barna og unglunga 16 ára og yngri samkvæmt samþykktu ársuppgjöri
- f) 5% - skiptist milli félaga sem starfa samkvæmt gæðastaðli ÍSÍ. Tekur gildi við úthlutun 2015.

Hlutföll og reglur um skiptingu starfsstyrkja skal endurskoða árlega.

Umræður:

Tillaga 13:

Kristmar tekur til máls, leggur áherslu á að í fyrsta skipti er verið að setja reglur um skiptingu styrkja, í kjölfarið verða breytingar á úthlutunum.

Aðalsteinn er sammála Kristmari og bendir á breytingarnar sem verða í kjölfarið. Tekur líka fram að félögum er að fjölga í sambandinu og það fylgir því ekki fjármagn. Skiptir meira máli að samþykkt sé fyrir því að þetta séu þættirnir sem leggja á áherslu á.

Ebba spyr hvort að það hafi verið reiknað út miðað við reglurnar sem er verið að setja? Hilmar spyr um þáttökugjald, en það er útskýrt í reglunum.

Stefán Logi segir þetta mikla breytingu, í úthlutun.

Björn Bjarki talar um slagsmál um tíma í sal. Greinarnar búa við mismunandi landslag.

Ebba vill vita hvort að badmintondeildin muni tapa á þessu.

Inga Dóra spyr um gæðastaðal ÍSÍ =fyrirmyndarfélagið.

Aðalsteinn svarar Ebbu um profureikning. Já og nei. sumir frá meira en aðrir minna. Spurningin er hins vegar sú á hvað við ætlum að leggja áherslu á. Svarar Stefáni, auðvitað á allt að vera upp á borðinu og ekki verið að borga leiðbeinendum á bak við kerfið. Góð skýring er til á því hver er virkur

iðkandi. Er ánægður með ákvæðið um endurskoðun í lokin. Spurt hvort að þessi niðurröðun á styrkjum hafi áhrif á aðra styrki til félaganna sem ekki falla undir íþróttir.

Sigurður svarar, þessir styrkir eru einungis fyrir íþróttastarf en ekki fyrir menningarhlutann. Þá er hægt að sækja um menningarhlutann sér.

17. Tillaga: 91. Sambandsþing Ungmennasambands Borgarfjarðar haldið í Þinghamri 9. mars 2013 samþykkir að stuðla að því að héraðsmót verði haldin í öllum íþróttagreinum með því að styrkja félög fjárhagslega til þess að halda þau. *Samþykkt samhljóða*

greinargerð: Í dag heldur UMSB héraðsmót í sundi og frjálsum íþróttum. Til að auka fjölbreytni í héraðsmótum og jafnræði íþróttagreina er lagt til að UMSB auglýsi eftir áhugasömum til að halda héraðsmótin og styrki viðkomandi félag fjárhagslega til þess í stað þess að halda mótin beint.

Tillögur Laganefndar kynntar af Birni Bjarka Þorsteinssyni:

1. Tillaga 91. Sambandsþing Ungmennasambands Borgarfjarðar haldið í Þinghamri 9. Mars 2013 samþykkir að 8. gr. laga UMSB verði svohljóðandi:

Sambandsstjórn skipa fimm menn: Sambandsstjóri, varasambandsstjóri, ritari, gjaldkeri, og meðstjórnandi. Sambandsstjóri skal kjörinn til eins árs í senn. Kjörtímabil annarra stjórnarmanna skal vera tvö ár, þannig að annað árið skulu kjörnir varasambandsstjóri og gjaldkeri og varamenn þeirra, en hitt árið ritari og meðstjórnandi og varamenn þeirra. Gefi stjórnarmaður sem sitja skyldi áfram eftir lögum þessum kost á sér í starf sambandsstjóra eða annað starf innan stjórnar, er heimilt að kjósa hann til þess og þá annan mann í hans stað fyrir þann tíma sem eftir er af kjörtímabilinu. Ennfremur skulu árlega kjörnir tveir skoðunarmenn reikninga og tveir til vara *samþykkt samhljóða*

2. Tillaga 91. Sambandsþing Ungmennasambands Borgarfjarðar haldið í Þinghamri 9. Mars 2013 samþykkir eftirfarandi breytingar á c) lið 3. greinar lottóreglna: Um skerðingu er að ræða ef félagið sendir ekki fulltrúa á formannafund UMSB. Sendi félag ekki fulltrúa á formannafund UMSB skerðist úthlutunarfé þess félags um 25 % við næstu úthlutun, en hefur síðan ekki áhrif á aðra úthlutunardaga á eftir. ~~Skærðingin renni til UMSB.~~

Samþykkt með 2 mótatkvæðum

3. Tillaga 91. Sambandsþing Ungmennasambands Borgarfjarðar haldið í Þinghamri 9. Mars 2013 samþykkir að til verði ný grein, svohljóðandi: 4. Gr. Lottóreglna. Skerðingar. Allar skerðingar renna til UMSB

samþykkt með 2 mótatkvæðum

Laganefnd styður þá tillögu sem beint var til Allsherjarnefndar (tillaga 4) um að skipa nefnd til að fara yfir lög og reglur sambandsins, nefndin verði skipuð 3 einstaklingum og skal stjórn UMSB skipa í hópinn á fyrsta fundi sínum að sambandsþingi loknu.

Fjárhagsnefnd skilar tillögum, Agnes Guðmundsdóttir kynnir tillögur.

5. Tillaga 91. Sambandsþing Ungmennasambands Borgarfjarðar haldið í Þinghamri 9. Mars 2013 samþykkir framlagða fjárhagsáætlun fyrir árið 2013 *samþykkt með þeim breytingum að félagaskattur hækki.*

12. Tillaga 91. Sambandsþing Ungmennasambands Borgarfjarðar haldið í Þinghamri 9. Mars 2013 samþykkir að félagaskattur til UMSB verði **450** kr. á hvern skattskyldan féлага. *Samþykkt samhljóða*

21. Tillaga 91. Sambandsþing Ungmennasambands Borgarfjarðar haldið Þinghamri 9. Mars 2013 samþykkir að fara leið 2 ásamt yfirlitsgrein í lið 3 í skýrslu nefndar um ritun sögu sambandsins, að því gefnu að fjármögnun verkefnisins takist. *Samþykkt samhljóða*
Greinagerð: Samþykkt þar með að útbúa heimasíðu þar sem hægt verði að finna allar þær afmælisgreinar sem þegar hafa verið ritaðar og fundinn verði félagi til að skrifa um síðustu 10 ár sambandsins. Einnig verði sett á þessa heimasíðu skannaðar myndir félagsins. Yfirlitsgrein í lið 3, fjallar um að vísa því til nema t.d. í sagnfræði eða menningarstjórnun að taka saman áhrif Ungmennasambandsins á menningu í Borgarfirði síðustu 100 ár.

22. Tillaga 91. Sambandsþing Ungmennasambands Borgarfjarðar haldið Þinghamri 9. Mars 2013 samþykkir að stjórn tilnefni einn fulltrúa í valnefnd v. Íþróttamanns ársins í stað þings. *Samþykkt samhljóða*
Greinagerð: skv. nýsamþykktum reglum um íþróttamann ársins skal þing skipa einn mann í valnefnd um Íþróttamann ársins, en með þessari samþykkt skal stjórn sjá um þetta val að þessu sinni.

Kosning stjórnar

Formaður - Sigurður gefur kost á sér í eitt ár í viðbót. Situr áfram.

Ritari - Þórhildur María Kristinsdóttir kjörin með lófataki

Meðstjórnandi - Aðalsteinn Símonarson. Situr áfram.

Varamenn í stjórn.

Tillögur - Jón Eiríkur Einarsson Umf. Íslending

Sólrún Halla Bjarnadóttir Umf. Íslending

Bjarni Johansen Hmf. Skugga

Þau kjörin

Skoðunarmenn.

Óbreytt

Varaskoðunarmenn.

Stefán Logi bætist við sem varaskoðunarmaður.

Kosning á íþróttaping ÍSÍ
Formaður sjálfkjörinn.

Önnur mál

Agnes Guðmundsdóttir - segir frá hvað kom uppá í Ungmennafélagi Stafholtstungna. Þar hafi reikningar ekki verið lagðir fram síðan 2006 og gjaldkeri hafi stolið öllu fé félagsins til einkanota. Málið komið til lögreglu.

Aðalsteinn Símonarson. Vill óska til hamingju með daginn. Mikil vinna í langan tíma sem margir hafa komið að. Þakkar fyrir í bili og fyrir samstarfið.

Pálmi leggur lokaorð í belg. Talaði um mjög starfssamt þing. Býður formanni að slíta þingi.

Þinggerð - þingslit.

Sigurður Guðmundsson slítur þinginu og þakkar starfsmönnum þingsins. Þingfulltrúum fyrir þingsetuna og þingi slitið.

Fundarritarar: Ása Erlingsdóttir og Hólmfríður Ásmundsdóttir.
umsb@umsb.is